



## YFIRHEYRSLAN & SKÝRSLAN

### Yfirheyrslan

**Nafn:** Atli Viðar Jóhannsson  
**Fjölskylda:** Eginkona Benna Rósantsdóttir og fjórar dætur  
**Vinnustaður:** Atlavík  
**Uppáhaldsmatur:** Allur matur góður  
**Besta fótballaliðið:** Þór og Manchester, veit ekki hvorir eru betri  
**Besti tónlistarmaður:** Vilhjálmur Vilhjálmsson  
**Besta leikritið:** Hart í bak, enda skrifað um afabróður minn  
**Besti leikari:** Örn Árnason  
**Besta leikonan:** Edda Heiðrún  
**Uppáhalds stjórnmálamaðurinn:** Nú er úr vöndu að ráða  
**Besti fjölmiðlamaðurinn:** Elín Hirst  
**Áhugamál utan vinnu:** Fótballi og silungsveiðar  
**Hvað er í buxnavösum?** Hnifur, vasaklútur og stundum ein og ein veiðifluga  
**Sefurðu í náttfötum?** Nei  
**Byrðu um rúmið þitt á morgnanna?** Nei  
**Eldarðu matinn þegar konan er ekki heima?** Þegar ég er orðinn mjög svangur þá geri ég eitthvað af veikum mætti  
**Besta vínið og bjórinn?** Ekkert pissvatn, bara Vodka  
**Drekkuðu kaffi?** Það hefur minnkað til muna síðan ég hætti að reykja, í dag eru þetta svona 30-40 bollar á dag  
**Hefur verið mikil vinna í ár?** Gott í vetur, það er rólegt þar til kolmunnaveiðar hefjast.

### Skýrslan



### Við gefum nú Atla orðið

Ég kom til Eskifjarðar á síðustu öld, nánar til tekið árið 1973. Ég fór þá strax að vinna hjá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar, eins og það hét og hefur verið þar allar götu síðan, sem sjómaður, matsmaður og nú síðst verktaki. Ég var á togurum fyrirtækisins fyrstu 10 árin eftir að ég flutti til Eskifjarðar, lengst af á Hólmanesinu með Sigurði Magnússyni. Við fiskuðum rosalega vel. Eftir að ég fór í land vann ég nokkuð við fiskmat og önnur störf, er sneru að sjó og sjávarfangi. Nú síðustu tíu árin hef ég rekið eigið fyrirtæki "Atlavík" sem annast hefur löndun á fiski og útskipun afurða. Þá fórum við hjónin út í innflutning á verðlaunapeningum, svona mest fyrir konuna, að flytja inn bæði bikara, stytur og verðlaunapeninga og merkja þá. Það er stutt í Þróttarann í þér Atli, hvernig er að vera gamall Þróttari á Eskifirði? Það er gott þegar Þróttur vinnur. Þá ganga sumir úr vegi, en ef ekki vinnst þá setjast þeir að mér, aðallega Haukur og Benni. Ég byggði húsið okkar árið 1981. Hér á Eskifirði er afar gott að vera, gott að ala upp börn. Það hlýtur að verða gott að vera hér þegar maður verður gamall og gengur aftur í barndóm.



## Starfsmannastefna

Þessa dagana stendur yfir vinna við mótun starfsmannastefnu Eskju hf.

Umsjón með þeirri vinnu hefur Ragnheiður Kristiansen, ráðgjafi í starfsmannamálum en starfsmenn taka einnig þátt í þessari vinnu.

Stefnan mun taka á helstu þáttum starfsmannamála. Í framhaldi af þessari vinnu verða gefnar út handbækur fyrir stjórnendur og starfsmenn með vorinu.

Í stjórnendahandbókinni verður að finna nánari lýsingu á því hvernig vinna skal samkvæmt mótaðri stefnu og annað sem stjórnendur með mannaforráð þurfa að hafa handbært. Markmiðið með stjórnendahandbókinni er að samhæfa stjórnun félagsins þannig að sömu reglur gildi á öllum starfsstöðum fyrirtækisins.

Starfsmannahandbók mun innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar sem starfsmaður þarf á að halda þegar hann hefur störf hjá fyrirtækinu svo sem réttindi sín og vinnuskilyrði.



## Fréttir frá nótasköð

Mikil vinna hefur verið á nótasköðinni frá áramótum við flottroll og önnur veiðarfæri sem seld hafa verið til annarra útgerða. Þá er einnig unnið við endurbætur á veiðarfærum okkar skipa.

Christian í Grótinum fékk á dögum grunnótt hjá Eskju sem hann notaði við loðnuveiðar sínar hér við land.

## Nýtt starfsfólk hjá Eskju

Nýr þjónustustjóri hefur verið ráðinn til Eskju hf. í stað Andrésar Elíssonar sem látið hefur af því starfi. Nýi þjónustustjórinn er Kristinn Aðalsteinsson, eða Diddi Alla eins og allir kalla hann.

Starfsmönnum Eskju hf er bent á að hafa samband við Kristinn ef eitthvað þarf að bæta eða laga, bæði það er varðar fasteignir, lausahluti eða umhverfi húseigna félagsins. Í raun lætur Kristinn sér ekkert mannlegt eða ómannlegt óviðkomandi.

Þá hefur verið ráðinn umsjónarmaður tölvukerfis og tæknimála Eskju hf., en það er Sigurður Birgisson frá Neskaupstað. Sigurður mun sjá um viðhald og viðgerðir á tölvukerfi fyrirtækisins og um öll tæki í skipum þess, svo sem radara, dýptarmæla og þess háttar hluti.

Hefur verið í nógu að snúast hjá Sigurði og að hans sögn hefur gráu hárunum fjölgað ört síðan hann hóf störf hjá fyrirtækinu.

Einnig hefur verið ráðinn nýr starfsmaður á skrifstofu, ritari forstjóra. Er það Reyðfirðingurinn Margrét Brynja Reynisdóttir. Er Margrét búsett á Egilsstöðum um þessar mundir og lætur sig ekki muna um að keyra 100 km á dag, til og frá vinnu, enda þekkir hún nú orðið hvern stein og hverja þúfu á Fagradal.

### Fréttabréf

3. árg. 1. tbl. 2003

Útgefandi: Eskja hf.

Umsjónarmenn: Margrét Reynisdóttir margret@eskja.is  
 Eygló Friðriksdóttir eyglo@eskja.is  
 Gunnlaugur Ragnarsson gulli@eskja.is  
 Sigtryggur Hreggviðsson sigtryggur@eskja.is

Ábyrgðarmaður: Elfar Aðalsteinsson elfar@eskja.is

Umbrot og prentun: Héraðsprent ehf.



## Aðalfundur 2003

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 14. mars síðastliðinn í hinum vistlega fundarsal Menningarhúss á Eskifirði. Talsverður áhugi virtist vera á þessum fundi því hann var fjölsóttur.

Stjórnarformaður, Magnús Bjarnason, setti fundinn og gaf síðan Elfari Aðalsteinssyni orðið. Í upphafi fundarins talaði forstjóri félagsins fyrir þeirri tillögu að nafni félagsins yrði breytt í Eskju hf. Hann rakti forsendur þess fyrir fundargestum í nokkrum orðum og samþykkti fundurinn tillöguna í framhaldi þess.

Magnús Bjarnason, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir starfsemi félagsins á síðastliðnu ári. Þá tiundaði hann einnig helstu fjarfestingar ársins, kaup á 47.48% hlut í Tanga hf og gerð framvirks samnings við Hóp ehf og Strýthól ehf, sem verða keypt með kvóta sínum í september 2003.

Síðan tók við skýrsla forstjóra. Kynnti hann helstu tölur úr ársreikningi félagsins, þætti úr rekstri félagsins og framtíðarhorfur. Hagnaður ársins var 1010 milljónir, meiri en nokkurn



## Úr ræðu forstjóra á aðalfundi

Það er ljóst að íslenskur sjávarútvegur hefur byggst upp í heilbrigða og frjálsa atvinnugrein síðustu 20 árin. Reglugerðarfargangi hefur verið varpað fyrir róða og greinin hefur notið þess stöðugleika sem skapaður hefur verið. Fyrirtækin hafa opnast með markaðsvæðingu greinarinnar og hluthafar margfaldast.

Í árslok 2000 áttu um 19.000 manns beina eignaraðild að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, í dag eru þeir um 27.000, eða um 10% þjóðarinnar. Er þá ótaldir hinir fjölmörgu sjóðir og fjárfestingarfélög sem Íslendingar eiga óbeina eignaraðild að. Greinin mun brátt inna af hendi auðlindagjald og styrkja með því íslenska ríkið - þverfugt við sjávarútveg nágrannaþjóða okkar, þar sem veiting ríkisstyrkja er daglegt brauð. Því er óskiljanlegur málfutningur þeirra sem fórna vilja uppbyggingu síðustu ára og gera fjöregg þjóðarinnar að leiksoppi pólitíks valdabróts.

timann áður. Ársreikningurinn var síðan borinn upp og samþykktur samhljóða.

Að tillögu stjórnar samþykkti fundurinn að greiddur skyldi 25% arður af hlutafjareign og er það um 11% af hagnaði ársins.

Þá var gengið til stjórnarkjörs og gekk Magnús Bjarnason, stjórnarformaður úr stjórn en sæti í henni tók Bragi Hannesson, fyrrverandi bankastjóri Lönaðarbankans. Aðrir stjórnarmenn eru sem fyrr, Þorsteinn Kristjánsson, Brynjólfur Bjarnason, Kristinn Björnsson og Kristinn Aðalsteinsson. Varamenn eru Gunnar Felixson og Þorvaldur Jónsson.

Að lokum tók forstjóri til máls og fór yfir starfsögu Magnúsar Bjarnasonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra og stjórnarformanns félagsins til tveggja ára. Voru honum fluttar góðar þakkar og klappað lof í lófa.

Magnús þakkaði fyrir hlý orð í sinn garð og samferðarmönnum langt og farsælt samstarf hjá félaginu, þó Aðalsteini Jónssyni sérstaklega. Hann bað síðan fundarmenn að þiggja veitingar að fundi loknum og nutu menn þess í röglegheitum fram að heimfarartíma.

## Magnús Bjarnason

Þau tíðindi urðu á aðalfundi Eskju hf, þann 14. mars, að Magnús Bjarnason lét af störfum sem stjórnarformaður félagsins. Hann dró sig í hlé úr rekstrarslagnum er hann varð sjötugur fyrir tveimur árum en hafði gegnt störfum stjórnarformanns Eskju fram að aðalfundi nú. Þar með lauk 47 ára starfsferli hans fyrir félagið, en hann hóf störf hjá því 1956.

Á þessum tíma hefur hann ætíð verið í stjórnendahlutverki, fyrst sem verkstjóri og síðar sem fulltrúi Aðalsteins Jónssonar, forstjóra.

Magnús hefur verið fjármála- og framkvæmdastjóri í áratugi og hefur átt stóran þátt í uppbyggingu félagsins og orðsþori þess. Þann tíma sem hann hefur stýrt fjármálum félagsins hefur verið mikið umrót í efnahagslífi landsins og ýmislegt gengið á. Magnús sýndi oft á tíðum mikla lipurð í samningamálum og hefur félagið stækkað og vaxið verulega á þessum árum.

Á aðalfundinum voru Magnúsi þökkuð störf hans og hann leystur út með gjöfum. Risu fundargestir úr sætum og þökkuðu honum með dýnjandi lófaklappi.

## Eskja hf. nafnabreyting

Á aðalfundi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. þann 14. mars síðastliðinn var tekin sú ákvörðun að breyta nafni fyrirtækisins í Eskja hf. Jafnframt því var nýtt merki félagsins kynnt "silfur hafsins". Er hið nýja merki tilvísun í auðlindir náttúrunnar og þeirra afurða er þær gefa af sér.

Ný nafngift á gamalgrónu félagi er ekki daglegt brauð, en nokkrar ástæður liggja að baki. Í fyrsta lagi þótti fyrrum nafn ekki hið besta í markaðssetningu og var sér í lagi erfitt gagnvart erlendum aðilum. Í öðru lagi höfðu markaðsaðilar, til hægðarauka, stýtt nafn félagsins í Hresk eða Hreski er þótti fremur óspennandi nafngift í augum margra stjórnenda og hluthafa. Í þriðja lagi teljum við að kjarninn úr gamla nafninu sé vel fangaður í orðinu Eskja sem er sterkasta tilvísun í kennileiti bæjarins; Eskifjörð, en fjörðurinn hét Eskjufjörður í árdaga. Dregur hann nafn sitt af óskjulaga laut er fyrirfinnst í hlíðum Eskifjarðarheiðar. Tvinnast því hér vel saman löng samleið bæjarins og stærsta atvinnufyrirtækis þess, í gegnum tíðina.

Ný heimasíða [www.eskja.is](http://www.eskja.is) hefur þegar verið sett upp og hafa netföng starfsmanna fengið endinguna @eskja.is.



Eftirfarandi vísa, eignuð Magnúsi, fannst í skúffu hjá Hallgrími Einarssyni, sem sá um launaútreikning félagsins um áratugaskeið og þurfti oft að fá stórar upphæðir hjá Magnúsi til að greiða laun.

Þótt verðbólga aukist, sorg og sýt sú er vor harnasaga, í pokana telur og pungar út peningum alla daga.

Starfsfólk Eskju þakkar Magga samfylgdina í gegnum árin og óskar honum og Erlu velfarnaðar í framtíðinni.

## Kæra samstarfsfólk

Undanfarnir mánuðir hafa verið markverðir. Heimsfriðin virðist ógnað um stund með stríðsátökum í Írak og efnahagsmálin sveiflast með þeirri óvissu sem skapast í kjölfar slíkra atburða. Stríðið snertir ekki einungis þá sem eru beinir þátttakendur, heldur heimsbyggðina alla sem heldur sig til hlés á meðan ástandið varir. Hliðaráhrif stríðsins ná alla leið inn í Eskju og hafa áhrif á sölumöguleika okkar á áföllum, en eftirspurn eftir fiskafurðum hefur dregist saman í kjölfar minni ferðamannastraums í Bandaríkjunum og Bretlandi. Von allra er að stríðsátökin verði skammvinn og uppbygging leysi brátt óvissu af hölm.

Það fer ekki framhjá neinum að kosningar eru í nánd. Hver stjórn-málaflökkurinn á fætur öðrum ríður í hlað og kynnr áherslur sínar og lausnir í hinum ýmsu málaflökkum. Hafa nokkrir þeirra tekið hús á forsvaramönnum Eskju og eru skilaboð þeirra jafn mismunandi og þau eru mörg. Eitt er þó ljóst, að margir stjórn-málamenn leyfa sér að tala án ábyrgðar um stjórnun fiskveiða og það kerfi sem við lýði er. Andstæðingar íslensks sjávarútvegs hafa undanfarið leitast við að skrumskæla kerfið á allan mögulegan hátt og gera um leið lítið úr þeirri hagræðingu, uppbyggingu og frjálsræði sem unnist hefur í greininni síðustu tuttugu árin. Þeir sem fyrir umræðunni fara hafa langt frá því mótaðar hugmyndir um útfærslur sínar á stjórnun veiða og hejta kosningabaráttu í slagorðastíl - helst til þess að auka á eigin skammtímavinsældir. Að afleggja núverandi kerfi og fara leið fyrninga aflaheimilda frá markaði til ríkis leiðir af sér efnahagslega ringulreið og óhagræðingu. Mikilvægt er því að stjórn-málamenn tali af ábyrgð í kosningabaráttunni sem framundan er og jafnframt varfærnislega um stýringu auðlindarinnar og geri ekki lítið úr því mikla uppbyggingarstarfi er unnið hefur verið undanfarnir misseri.

Hvorki auknar álögur í formi auðlindagjalds eða eignarupptaka í formi fyrninga er það sem íslenskur sjávarútvegur þarfnast til að vaxa og dafna í alþjóðlegri samkeppni. Íslenska kvótakerfið er nú orðið rúmlega tuttugu ára. Það ætti því að vera nógu gamalt til að fá að hleypra heimdraganum og sjá um sig sjálf!

Í kjölfar aðalfundar félagsins vil ég nýta tækifærið og þakka ykkur starfsfólki fyrir ykkar framlag á síðasta ári er leiddi af sér besta rekstrarár í 59 ára sögu félagsins. Jafnframt óska ég Austfirðingum og þjóðinni allri til hamingju með álversamninginn og nýtt uppbyggingarskeið sem framundan er í Fjarðabyggð - velkomnir Alcoa!

Með kveðju,  
Eifar

## Árshátíðin

Hin árlega árshátíð Eskju var haldin í Valhöll þann 27. desember síðast liðinn.

Veislustjóri var Jóhannes Kristjánsson eftirherma, sem af sinni alkunnu snild fékk til liðs við sig landsfrægar persónur, svo sem landbúnaðarráðherra Guðna Ágústsson, Ólaf Ragnar og Halldór Ásgrímsson sem áttu orðaskipti við Snorra stórbónda af Mel. Þema árshátíðarinnar var "New York, New York" og skemmtu þeir Helgi Björnsson og Bergþór Pálsson gestum með gömlum og göðum New York slögurum.

Maturinn var á ameríska visu og framreiddur af Guðjóni Þór Guðmundssyni, matreiðslu-meistara, og þótti einstaklega ljúffengur.

Hin heimsfræga drengjasöngsveit, Boyz2fish, sem kom við á leið sinni milli New York og Montreux vegna fjölda áskorana, tók lagið og heilluðu þeir nokkra með söng sínum.

Á eftir lék svo hin stórgóða danshljómsveit BRJÁN og hélt uppi fjörinu fram á morgun. Kom sér þá vel fyrir starfsfólk að hafa verið á dansnámskeiði nokkrum vikum fyrir.



## Færeysk loðna

Færeyska loðnuveiðiskipið Christian í Grótinum hefur landað um 3.518 tonn af loðnu hjá loðnubræðslu Eskju hf. í tveimur löndunum. Þetta er kærkomin viðbót við afla skipa Eskju, þeirra Hólmaborgar og Jóns Kjartanssonar sem var um 62.200 tonn úr úthlutuðu heildarmagni. Christian í Grótinum er í eigu P/F Christian í Grótinum og heimahöfn er í Klakksvík í Færeyjum. Skipið er byggt árið 1998 og tekur um 2000 tonn.

Heimasíða P/F Christians er [www.chr-i-grotinum.fo](http://www.chr-i-grotinum.fo)

## Fréttir úr frystihúsi

Frá áramótum hefur eitt og annað verið gert þar á meðal hefur gólfíð inn á tækjum verið endurnýjað eins og gert hefur verið við önnur gólf sem voru farin að gefa sig. Nýr hausari var settur upp og hefur verið tekinn í notkun.

Í sumar verður svo stefnt að frekari endurbótun á húsnæði bolfiskvinnslunnar.

Vinnslan hefur gengið vel og nýi lausfrystirinn er mikið notaður, einnig fer alltaf í hverri viku þó nokkuð af svokölluðum flugfiski, sem er ferskur fiskur sem fer beint á Keflavíkurflugvöll og þaðan með flugi til Evrópu.



## Endaslepp loðnuvertíð

Nýliðin vetrarvertíð loðnu er sú slakasta hjá Mjöl- og lýsisvinnslu Eskju um nokkurra ára skeið. Samtals var tekið á móti 55.738 tonnum af loðnu en til samanburðar var tekið á móti 88.426 tonnum á vertíðinni 2002 og er þetta því samdráttur uppá 32.700 tonn milli ára. Þessi mikla niðursveifla kom flestum í opna skjöldu því að menn töldu að vertíðin nú ætti að geta a.m.k. nálgast síðustu vertíðir hvað aflla snertir. Sú von brást og hafa menn ekki skýringar á reiðum höndum um ástæður þessa en skipstjórar loðnuskipanna eru þó sammála að mun minni loðna hafi verið á ferðinni nú en undanfarnir ár. Að sögn Hauks Jónssonar verksmiðjustjóra var þessi vertíð óvenju slitrótt vegna bræluaflla og nú var í fyrsta skipti í mörg ár sleppt að setja í stóru pró, en á móti kemur að allt mjöl sem framleitt var á vertíðinni var hágæðamjöl.

Hólmaborg veiddi 28.477 tonn og afli Jóns Kjartanssonar varð 23.660 tonn en að auki fékk verksmiðjan lítilliga afla frá öðrum bátum.

Grétar Rögnavarsson skipstjóri á Jóni Kjartanssyni segir þessa loðnuvertíð talsvert frábrugðna fyrri vertíðum. Mjög vel hafi veiðist í flottrollið í janúar og fram í febrúar, en endirinn komið fyrir en menn vildu, og vertíðin verið mjög endaslepp. "Kemur það til af því að mælingar fiskifræðinga gáfu ekki tilefni til að hægt væri að veiða það magn sem menn höfðu áætlað í upphafi vertíðar, og held ég að menn hafi verið sammála um að það hafi verið rétt ákvörðun að hætta veiðum á þeim tímamarki. Það var ekki mikið magn á ferðinni eftir að loðnan gekk upp á grunnið, en suma daga fannst mönnum mikið að sjá þegar við vorum að veiða með flottrollinu í janúar. Þrátt fyrir það er heildarafliinn sem íslensk skip veiddu á þessari vertíð, meðaltals afli síðustu ára" segir Grétar.

Í júní á að halda grillveislu með starfsfólki, sem verður vonandi byrjun á fleiri slíkum uppakomum.



## Leiftur frá liðinni tíð

Úr Sjöminjasafni Austurlands Eskfirði

Meðfylgjandi myndir af báta- og skipslíkönum, og af Síldarsjóhúsi voru teknar í safninu nú í mars.

Myndirnar eru:

1. mynd - Lax SU-236, fyrsti vélbátur sem kom til Reyðarfjarðar árið 1905
2. mynd - Hólmanes, það fyrsta með þessu nafni, kom árið 1958
3. mynd - Jón Kjartansson SU-111, sá fyrsti með þessu nafni
4. mynd - Jón Kjartansson SU-111, sá fjórði með þessu nafni
5. mynd - Síldarsjóhús sem stóð þar sem nú stendur netagerðin (Bergen). Hús þetta var rífið árið 1940 og viðirnir úr því notaðir ásamt viði úr Frikirkjunni til að endurbyggja brúna yfir Eskifjarðará sem brotnaði í miklum flóðum.

Safnvörðurinn Geir Hólm fræddi okkur um sögu þessara skipa sem nú hafa öll nema eitt ( Jón Kjartansson ) horfið af Íslenski skipaskrá. Of langt mál væri að segja sögu þessara skipa hér, öll eiga þau glæsta tíma úr sínum ferli, þótt þar hafi einnig komið erfiðleika tímar. Hér á safninu má lesa sögu útgerða á Eskfirði síðan fyrstu árið nitjándu aldar og allt til dagsins í dag. Þá eru hér áhugaverð líkön af þeim veiðarfærum sem notuð voru til síldveiða frá árinu 1880 fram til 1930-40, en þetta eru botnet og landnót. Sjöminjasafnið er einstaklega þríflegur og notalegur staður og má þakka það safnvörðinum sem hefur séð um safnið frá upphafi en er nú að láta af því starfi. Eskja hf vill hér með þakka Geir Hólms safnvörði fyrir þá alúð sem hann hefur sýnt við söfnun og gæslu minnja úr sögu útgerðar á Eskfirði.

## Ársuppgjör 2002

Tölulegt yfirlit Eskju hf. 2001- 2002

Ársuppgjör Eskju hf., fyrir 2002 var gert opinbert hinn 3. febrúar s.l.

Samkvæmt því skilaði rekstur Eskju hf. ríflega 1.010 milljón króna hagnaði, sem er sá mesti í sögu félagsins. Afskriftir eru hærri en áður og skýrist það af því að sérstök 100 milljón króna aukaafskrift er færð á skipastóli félagsins. Styrking krónunnar árið 2002 veldur því að gengishagnaður er verulegur á árinu en gengistap var verulegt árið 2001. Veltufé frá rekstri nemur 1.043 milljónum og var það m.a. notað til kaupa á 47,48% hlut í Tanga hf. Eigið fé félagsins hækkar um tæp 10% milli ára.

Óskar Garðarsson, fjármálastjóri segir að mikil umskipti hafi orðið í rekstrinum síðastliðin tvö ár og fjármunamyndun verið góð. Reksturinn hefði verið endurskipulagður og það ásamt góðu árferði hafi lagt grunn að frekari kvóta-kaupum sem styrki starfsemi félagsins til frambúðar.

### Rekstrarreikningur

	jan-des 2002	jan-des 2001
Rekstrartekjur.....	3.796.368.685	3.763.024.388
Rekstrargjöld .....	2.542.338.090	2.483.009.221
<b>Vergur hagnaður .....</b>	<b>1.254.030.595</b>	<b>1.280.015.167</b>
Hlutfall af veltu .....	33%	34%
Afskriftir fastafjármuna.....	(542.892.500)	(403.659.317)
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	711.138.095	876.355.850
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	588.981.491	(750.157.437)
Gjöld af hlutdeildarfélagum .....	(53.677.898)	
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta ...	1.246.441.688	126.198.413
Tekju- og eignarskattur .....	(236.218.821)	30.011.710
Hagnaður (tap).....	1.010.222.867	156.210.123
Veltufé frá rekstri .....	1.043.444.551	1.011.995.698
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>30. 12. 2002</b>	<b>31. 12. 2001</b>
Eignir.....	6.847.741.824	6.052.848.470
Skuldir .....	4.596.583.174	4.680.039.853
Eigið fé (að meðtöldu hlutafé).....	2.251.158.650	1.372.808.617
Eiginfjárlutfall.....	32,87%	22,68%
Inna virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé.....	5,13	3,08

## Úr mjölpoka-horninu

Loðnuhlútt

Loðnuvertíðin var nokkuð endaslepp að þessu sinni enda var loðnukvóti til muna minni en verið hefur undanfarnir ár. Mjöl og lýsisvinnsla gekk hins vegar með ágætum sem jafnan áður og var t.d. ekkert hráefni sett í sparibaukinn að þessu sinni.

Hið árlega vertíðarslútt bræðslumanna var því haldið í fyrri kantinum með pomp og prakt eins og venjulega. Að sögn Rúnars Halldórs, sem talið er að sé sá eini sem eitthvað man eftir þessu, gekk hátíðin slýsalaust fyrir sig að þessu sinni, þrátt fyrir mikinn viðbúnað og varúðarráðstafanir.

## Uppskerubrestur?

Á síðustu árshátíð var borin á borð dýrindis nautasteik og ekki skorin við nögl frekar en endranær.

Veislustjóri kynnti matseðilinn fyrir gestum og sagði það vera steik upp á amerískan máta. Steikin væri frá Suðurríkjunum, sósan væri með Norðurríkjakemi og að grænmetið væri frá Miðríkjunum. Kiddi Ragnars fékk herjans mikla steik á sinn disk og var henni hálfdrökkt í sósu. En við hliðina á kjötflikkinu rétt grillti í aumingjalega gulrótt sem barðist við tilveruð í sósuhafinu. Kidda var starsýnt á þetta en varð svo að orði "Það hefur verið uppskerubrestur í Miðríkjunum á ír".

## Gamla nafnið

Það hefur oft vafist fyrir sumum starfsmönnum Hraðfrystihúss Eskifjarðar að skýra út nafn fyrirtækisins fyrir erlendum viðskiptaaðilum.

Ekki fyrir all löngu var einn slíkur í heimsókn hjá þáverandi þjónustustjóra, Andrési Elíssyni, og hafði hann mikinn áhuga á að fá að vita fyrir hvað nafn félagsins stæði. Andrés svaraði á sekundubroti "It means speed freezing house of Eskifjörður city".